

Viðveruskynjari Mini Komfort

pöntunar-nr. : 2225 00

Viðveruskynjari Mini Standard

pöntunar-nr. : 2220 00

notkunnarleiðbeining**1 Öryggisleiðbeiningar**

Eingöngu faglærðir rafvirkjar mega sjá um uppsetningu og tengingu rafmagnstækja.

Komið getur til alvarlegs líkamstjóns, eldsvoða eða eignatjóns. Lesið leiðbeiningarnar vandlega og farið eftir þeim.

Þrýstið ekki á skynjaragluggann. Tækið getur orðið fyrir skemmdum.

Tækið hentar ekki til notkunar með þjófavarnarkerfum eða viðvörunarbúnaði.

Þessar leiðbeiningar eru hluti af vörunni og verða að fylgja með til neytandans.

2 Öryggisleiðbeiningar fyrir rafhlöður

Þetta tæki eða fylgibúnaður þess kemur frá framleiðanda með hnapparafhlöðum.

HÆTTA! Hætta er á að rafhlöðum sé kyngt. Það getur leitt til dauða af völdum köfnunar. Hættuleg efni geta orsakað alvarleg innvortis brunasár sem leiða til dauða innan tveggja klukkustunda.

Geymið nýjar og notaðar rafhlöður þar sem börn ná ekki til.

Ef ekki er lengur hægt að loka rafhlöðuhólfinu tryggilega skal taka tækið úr notkun og geyma það þar sem börn ná ekki til.

Leitið tafarlaust lækni ef grunur leikur á um að rafhlöðu hafi verið kyngt eða að rafhlaða hafi borist inn í líkamsop.

VIÐVÖRUN! Ef ekki er farið rétt með rafhlöður getur það leitt til sprengingar, bruna eða efnabruna vegna leka.


Ekki má hita rafhlöður upp eða fleygja þeim í eld.

Ekki má víxla skautum á rafhlöðunum, valda skammhlaupi í þeim eða hlaða þær að nýju.


Ekki má aflaga rafhlöðurnar eða taka þær í sundur.

Þegar skipt er um rafhlöður verður að nota rafhlöður af sömu eða sambærilegri gerð.

Fjarlægjið tómar rafhlöður tafarlaust og fargið þeim á umhverfisvænan hátt.

3 Tækjalýsing

mynd 1: Tækjalýsing



mynd 2: Tækjalýsing

- (1) Viðveruskynjari
- (2) Braut fyrir spennifjaðrir
- (3) Fjaðurarmar
- (4) Forritunarhnappur, rauður
- (5) Skrauthringur
- (6) Lok
- (7) Næmisrofi, blár
- (8) Bus-tengi
- (9) Lagnafesting
- (10) Birtuskynjari

4 Aðgerð

Rétt notkun

- Þarfamiðuð stjórnun ljósabúnaðar, herbergishitastilla og annarra raftækja innandyrna
- Til að klemma á hengiloft
- Til uppsetningar á fast loft, í innfældri dós skv. DIN 49073 eða í utanálíggjandi dós (sjá „Aukabúnaður“)

Eiginleikar tækis

- Innbyggð Bus-tenging
- 3 PIR-skynjarar
- Skynjunarsvið 360°
- Innbyggður birtuskynjari
- Til notkunar sem viðveruskynjari, hreyfiskynjari eða tilkynningabúnaður
- Útgangaðgerðir: kveikja/slökkva, stigagangsvirkni, kveikt/slökkt með þvingaðri stöðu, kóðari, aukastöð fyrir ljósasenur, tilgreind vinnslustilling fyrir herbergishitastilli
- Hægt er að stækka skynjunarsviðið með því að hliðtengja fleiri en eitt tæki sem aðal- og aukataeki
- Stillirofi til að breyta næmi handvirkt
- Stöðuljós: Blikkar þegar hreyfing greinist; ýmist við venjulega notkun eða eingöngu meðan á gangprófun stendur, allt eftir forritun hverju sinni

Frekari eiginleikar í útfærslunni „Komfort“:

Virkni viðveruskynjara:

- Greinir minnstu hreyfingu, t.d. til að greina viðveru fólks á vinnustað
- Kveikir: Hreyfing greind og birtustig undir mörkum

- Slekkur: Engin hreyfing á skynjunarsviði og viðbótargangtími liðinn eða birtustig yfir mörkum

Virkni hreyfiskynjara:

- Greining hreyfinga til að fylgjast með akstursleiðum í byggingum
- Kveikir: Hreyfing greind og birtustig undir mörkum
- Slekkur: Engin hreyfing á skynjunarsviði og viðbótargangtími liðinn

i Eftir að hreyfiskynjun er virkjuð og kveikt er á henni vinnur hún óháð birtustigi.

Tilkynningavirkni:

- Greining hreyfinga á skynjunarsviði óháð birtustigi
- Kveikir: Eftir að tilgreindur fjöldi hreyfinga greinist á tilgreindu vöktunartímabili
- Slekkur: Ekkert fólk á skynjunarsviði og viðbótargangtími liðinn

5 Notkun

Eingöngu fyrir útfærsluna „Komfort“:

- i** Fylgið öryggisleiðbeiningum fyrir rafhlöður.
- Gætið þess að ekki sé feiti á tengjum rafhlöðunnar og tækisins.
 - Setjið meðfylgjandi rafhlöðu í þannig að skautin snúi rétt (sjá áletrun á innrauðu fjarstýringunni).

Aðgerðahnappur á innrauðri fjarstýringu

Hnappur	Aðgerð
On ☀ +	Boð um greiningu hreyfingar eru send fyrir aðgerðablokk 1. Farið er úr sjálfstýringu.
Off ☀ -	Boð um lok hreyfingar eru send fyrir aðgerðablokk 1. Farið er úr sjálfstýringu.
Auto ☀	Sett er aftur á sjálfstýringu fyrir aðgerðablokk 1. Ekki er farið úr stöðunni „ON“ fyrr en vart verður aftur við hreyfingu.

Stillihnappur á innrauðri fjarstýringu

Hnappur	Aðgerð
Sens +	Næmi aukið
Sens -	Næmi minnkað
Sens =	Næmi sett aftur á sjálfgefna stillingu
☾	Aðgerðablokk 1: Birtustigsmörk 10 lx
☀	Aðgerðablokk 1: Birtustigsmörk 50 lx
🚶	Aðgerðablokk 1: Birtustigsmörk 150 lx
☀	Aðgerðablokk 1: Virkni óháð birtustigi
Teach ☀	Aðgerðablokk 1: Núverandi birtustig stillt inn sem birtustigsmörk
10 sec ☀, 30 sec ☀, 2 min ☀, 5 min ☀, 30 min ☀	Aðgerðablokk 1: Minnsti viðbótargangtími (10 sekúndur) lengdur um valið gildi
Start ☀, Stop ☀	Aðgerðablokk 1: Minnsti viðbótargangtími (10 sekúndur) lengdur eftir þörfum

Gangsetningarhnappar á innrauðri fjarstýringu

Hnappur	Aðgerð
Test	Gangprófun – skynjunarsviðið kannað
Reset	Næmi, birtustigsmörk og viðbótargangtími sett aftur á sjálfgefna stillingu. Haldið hnappinum inni í a.m.k. 3 sekúndur

Stjórnun með innrauðri fjarstýringu

Ef opnað er fyrir þennan eiginleika er hægt að stjórna aðgerðablokk 1 handvirkt með fjarstýringu. Ef handvirk stjórnun er valin er slökkt á birtu- og hreyfiskynjun fyrir aðgerðablokk 1 þar til stillt er aftur á sjálfstýringu.

- Kveikt, t.d. ljós: Stutt á hnappinn **On** ☀+.
- Slökkt, t.d. ljós: Stutt á hnappinn **Off** ☀-.
- Stillt á sjálfstýringu: Stutt á hnappinn **Auto** ☀.

Stillingum breytt handvirkt með innrauðri fjarstýringu

Ef opnað er fyrir þennan eiginleika er hægt að breyta tilteknum stillingum fyrir aðgerðablokk 1 með fjarstýringu meðan á notkun standur.

Næmi:

- Næmi aukið: Stutt á hnapp **Sens+**.
- Næmi minnkað: Stutt á hnapp **Sens-**.
- Innstillt næmi kallað fram aftur: Stutt á hnapp **Sens=**.

i Ef næmi er breytt handvirkt með næmisrofa (7) skrifar innrauða fjarstýringin ofan í það og öfugt.

Birtustigsmörk:

- Birtustigsmörkum breytt: Stutt er á hnapp ☾, hnapp ☀, hnapp ☿ eða hnapp ☼ eftir þörfum.
- Núverandi birtustig stillt inn sem birtustigsmörk: Stutt á hnapp **Teach** ☼.


Viðbótargangtími: Er stilltur á 10 sekúndur en hægt er að lengja hann eftir þörfum.

- Viðbótargangtími lengdur: Stutt er á hnapp **10 sec** ☀, hnapp **30 sec** ☀, hnapp **2 min** ☀, hnapp **5 min** ☀ eða hnapp **30 min** ☀ eftir þörfum. Hægt er að stilla önnur gildi með hnöppunum **Start** ☀/**Stop** ☀.

6 Upplýsingar fyrir faglærða rafvirkja

6.1 Uppsetning og tenging við rafmagn


Hreyfiskynjun



mynd 3: Snertilæg og geislalæg stefna

Skynjunarsvið tækisins er 360°. Þvermál skynjunarsviðsins fer eftir uppsetningarhæð og hreyfingum fólks á skynjunarsviðinu hverju sinni (mynd 4).

Skynjunarsviðið stækkar eftir því sem uppsetningarhæðin eykst, en um leið minnkar greiningargetan og næmið.



mynd 4: Drægi skynjunar eftir hreyfingum

Þvermál skynjunarsviðs eftir hreyfingum


Uppsetningarhæð	1:	2:	3:	4:
2,20 m	8,8 m	6,6 m	4,4 m	2,9 m
2,50 m	10 m	7,5 m	5 m	3,3 m
3,00 m	12 m	9 m	6 m	4 m
3,50 m	13 m	9,5 m	7 m	4,7 m

Uppsetningarhæð	1:	2:	3:	4:
4,00 m	14 m	10 m	7,5 m*)	– *)
5,00 m	17 m	11 m	8 m*)	– *)


- 1: Drægi fyrir snertilæga hreyfingu við gólf
 2: Drægi fyrir geislalæga hreyfingu við gólf
 3: Drægi fyrir dæmigerðar hreyfingar við skrifborð, t.d. hreyfingar efri hluta líkama
 4: Drægi fyrir nákvæma greiningu hreyfinga við skrifborð, t.d. músarhreyfingar
 *) Ef tækið er notað sem viðveruskynjari: Uppsetningarhæðin má ekki vera meiri en 3,5 m, því annars er nákvæm greining ekki möguleg.

Tækið er með þrjá skynjara fyrir hreyfiskynjun sem starfa óháð hver öðrum. Skipting skynjarasvæðanna A, B og C sést undir skrauthringnum (mynd 6).

- i** Ef lesið er úr hverju skynjarasvæðanna A, B og C fyrir sig verður skipulagningin að taka mið af því hvernig tækið snýr (sjá kaflann „Tækið stillt af“).




mynd 5: Skynjunarsvið svæðanna A, B og C, uppsetningarhæð 3,00 m



mynd 6: Skipting svæðanna A, B og C

Birtuskynjun

Birtuskynjarinn (8) er staðsettur á hliðinni og getur mæliflöturinn því verið ósamhverfur. Þannig getur mælingin til dæmis náð til fleiri en eins vinnusvæðis án þess að ljós sem kemur frá hlið skekki niðurstöður hennar.



mynd 7

Uppsetningarhæð H	R1	R2
2,20 m	1,5 m	2,3 m
2,50 m	1,8 m	2,6 m
3,00 m	2,0 m	3,0 m
3,50 m	2,5 m	3,6 m
4,00 m	2,8 m	4,2 m
5,00 m	3,5 m	5,2 m

Ljós sem fellur beint á skynjarann eða endurkastast af flötum sem glampar á hefur áhrif á birtuskynjunina.

Val á uppsetningarstað

Ef nota á tækið sem viðveruskynjara skal setja það upp í lofti yfir vinnustað þannig að það vakti flötinn fyrir neðan. Ef nota á tækið sem hreyfiskynjara er það sett upp í lofti, t.d. á gangi.

- Velja skal uppsetningarstað sem er laus við titring. Titringur getur sett aðgerðir af stað.

- Gætið þess að engin truflandi áhrif séu á skynjunarsviðinu. Truflandi áhrif geta til dæmis stafað af ofnum, viftum, loftkælingu og ljósaperum sem eru að kólna og geta orsakað rangar greiningar.
- i** Ef þörf krefur er hægt að takmarka skynjunarsviðið með loki og halda truflandi áhrifum þannig í lágmarki.


Eingöngu fyrir útfærsluna „Komfort“:

- Uppsetning nálægt rafbúnaði, ofnum, kælibúnaði eða útveggjum getur haft neikvæð áhrif á mælingu á hitastigi.

Réttið tækið af

- Þegar tækið er sett upp skal snúa því þannig að birtuskynjarinn (10) snúi ekki að glugganum (mynd 7).
- i** Gæta verður að réttri stöðu strax við uppsetningu á tækjadós og burðarhring.

Tæki sett upp og tengt í millilofti




Svæðið umhverfis tækið á milliloftinu verður að vera þurrt.

Hámarksþykkt millilofts u.þ.b. 25 mm. Ísetningardýpt lágm. 35 mm. Bil milli steypis lofts og millilofts lágm. 20 mm.

Þvermál gats í lofti 44...45 mm.

- Tengid Bus-leiðsluna.
- Festid Bus-leiðsluna með lagnafestingunni (9).
- Sveigid fjaðurarmana (3) aftur og setjid viðveruskynjarann (1) í milliloftið.
- Setjid skrauthringinn (5) á og snuid honum réttisælis.
- Ef þörf krefur skal skera lokið (6) úr og smella því í skrauthringinn (5).

Spennifjaðrir fyrir uppsetningu í dós settar á




mynd 9

Fyrir uppsetningu í innfelldri eða utanáliggjandi dós.

- Fjarlægið fjaðurarmana (3) (mynd 1).
- Snúið spennifjöðrunum (13) rétt og rennið þeim á brautirnar (2) aftan frá þannig að þær skorðist (mynd 9).

Tækið sett upp í innfelldri dós og tengt




mynd 10

Innfelld dós (11) hefur verið sett upp í lofti á fyrirhuguðum uppsetningarstað. Fjaðurarmarnir (3) hafa verið teknir af og spennifjaðrirnar (13) settar á.

- Setjið burðarhringinn (12) á innfelldu dósina (11).
- Tengjið Bus-leiðsluna með tengiklemmu.
- Skorðið tækið í burðarhringnum (12).
- Setjið stóra skrauthringinn (14) á og snúið honum réttisælis.
- Ef þörf krefur skal skera lokið (6) úr og smella því í skrauthringinn (14).

Tækið sett upp í utanáliggjandi húsi og tengt



mynd 11

Notið utanáliggjandi dós (15) (sjá „Aukabúnaður“).

Í röku umhverfi og fyrir IP44-uppsetningu: Setjið meðfylgjandi þéttingar (16) í skrufgötin á utanáliggjandi dósinni.

Þéttið lagnaopið með meðfylgjandi gúmmípakkningu. Skerið gúmmípakkninguna upp þannig að hún passi fyrir Bus-leiðsluna. Leiðið Bus-leiðsluna inn í utanáliggjandi dósina.

- Festið utanáliggjandi dósina (15) við loftið á fyrirhuguðum uppsetningarstað. Bil milli gata 60 mm.
- Setjið burðarhringinn (12) á utanáliggjandi dósina (15).
- Tengjið Bus-leiðsluna með tengiklemmu.
- Skorðið tækið í burðarhringnum (12).
- Setjið stóra skrauthringinn (14) á og snúið honum réttisælis.
- Ef þörf krefur skal skera lokið (6) úr og smella því í skrauthringinn (14).

6.2 Fyrsta notkun

Vistfangi og verkhugbúnaði hlaðið inn

- Ef skrauthringurinn er á skal taka hann af.
- Tengjið brautarspennuna.
- Styðjið á rauða forritunarhnappinn (4).
Forritunarljósið í skynjaraglugganum logar.

- Gefa upp raunvístfang.
Forritunarljósið slokknar.
- Skrifðið raunvístfangið á hlið tækisins.
- Hlaðið verkbúnaðinum í tækið.
- i** Ef mæling á hitastigi er virk (í útfærslunni „Komfort“): Berið saman mælingar á hitastigi.

Skynjunarsviðið prófað

Ef um hliðtengda viðveruskynjara er að ræða skal prófa skynjunarsviðið í hverju tæki fyrir sig.

Búið er að setja viðveruskynjarann upp og tengja hann. Raunvístfangi og verkbúnaði hefur verið hlaðið inn.

- Gangprófun virkjuð:
Virkið færðbreytuna „Gangprófun eftir niðurhal“ og hlaðið niður verkbúnaðinum.
Viðveruskynjarinn vinnur óháð birtustigi. Allir skynjararnir eru virkir samkvæmt innstilltu næmi.
- Farið í gegnum allt skynjunarsviðið og gætið þess að allt greinist rétt og að engin truflandi áhrif séu fyrir hendi.
Þegar hreyfingar greinast er það gefið til kynna með bláa stöðuljósinu í skynjaraglugganum.
- Ef þörf krefur skal takmarka skynjunarsviðið með skyggni. Leiðréttið næmið með bláa næmisrofanum (7) eða innrauðu fjarstýringunni, eða breytið forritun tækisins.
- Gerið færðbreytuna „Gangprófun eftir niðurhal“ óvirka og hlaðið niður verkbúnaðinum.

Eingöngu fyrir útfærsluna „Komfort“:

- i** Ef opnað er fyrir þennan eiginleika er hægt að setja gangprófun af stað með hnappinum **Test** á innrauðu fjarstýringunni.

7 Förgun rafhlaða



Fjarlægið tómar rafhlöður tafarlaust og fargið þeim á umhverfisvænan hátt. Ekki má fleygja rafhlöðum með venjulegu heimilissorpi. Upplýsingar um umhverfisvæna förgun fást hjá yfirvöldum á hverjum stað. Lögum samkvæmt ber endanlegum neytanda að skila notuðum rafhlöðum.

8 Tæknilysing

KNX-miðill	TP256
Byrjunarhamur	S-hamur
Málsþenna KNX	DC 21 ... 32 V SELV
Straumnotkun KNX	hám. 10 mA
Tegund tengingar Bus	Tengiklemma
Öryggisflokkur	III
Umhverfishitastig	-25 ... +55 °C
Geymslu-/flutningshitastig	-25 ... +70 °C
Hlutfallslegur loftraki	10 ... 100 % (engin dögg)
Tegund varnar	IP44
Mál	
Gat í lofti Ø×D	44 × 35 mm
Mál Ø×H	53,5 × 38 mm (með skrauthring)
Hreyfiskynjun	
Skynjunarsvið	360°

Drægi	Ø u.þ.b. 12 m (uppsetningarhæð 3 m)
Birtuskynjari	
Mælisvið	10 ... 2000 lx
Nákvæmni > 80 lx	± 5%
Nákvæmni ≤ 80 lx	± 10 lx
Eingöngu fyrir útfærsluna „Komfort“:	
Hitaskynjari	
Mælisvið	um -20 ... +55 °C
Nákvæmni	± 1 K
Innrauð fjarstýring	
Gerð rafhlöðu	1 × litíum CR 2450N

9 Aðstoð í neyðartilfellum

Ekki kviknar á ljósinu jafnvel þótt hreyfing greinist og lýsing sé lítil

Orsök 1: Röng aðgerðablokk er virk.

Breytið því hvernig skipt er milli aðgerðablokka.

Orsök 2: Stíllt er á of lág birtustigsmörk.

Hækkið birtustigsmörkin með fjarstýringunni eða færíbreytustillingu.

Ljósíð kviknar jafnvel þótt nægileg birta sé fyrir hendi

Orsök 1: Stíllt er á tilkynningavirkni og tækið starfar því óháð birtustigi.

Athugið forritunina.

Orsök 2: Tækið starfar óháð birtustigi.

Leiðréttið birtustigsmörkin með fjarstýringunni.

Leiðréttið færíbreytustillinguna fyrir birtustigsmörk.

Ljósíð slokknar og kviknar svo strax aftur

Orsök 1: Ljósapera á skynjunarsviðinu.

Stíllið læsingarfæríbreytuna þannig að ljósapera sem er að kólna greinist ekki.

Orsök 2: Farið er niður fyrir innstíllt birtustigsmörk eftir að slökkt er. Tækið kveikir strax aftur þegar hreyfing greinist.

Hækkið birtustigsmörkin.

Ljósíð slokknar of fljótt jafnvel þótt hreyfing greinist og lýsing sé lítil

Orsök 1: Stíllt er á of stuttan tíma.

Aukið tímann með fjarstýringunni eða færíbreytustillingu.

Orsök 2: Vandamál með skynjara, flöturinn sem á að vakta er ekki á skynjunarsviðinu, húsgögn eða súlur eru fyrir.

Kannið skynjunarsviðið og bætið við viðveruskynjara ef þess þarf.

Tækið virkjast jafnvel þótt engin hreyfing sé á skynjunarsviðinu

Orsök: Truflandi áhrif á skynjunarsviðinu eða tækið stíllt á of mikið næmi.

Takmarkið skynjunarsviðið og fjarlægið það sem truflar.

Minnkið næmið um eitt þrep með bláa næmisrofanum (7) eða fjarstýringunni.

Minnkið næmið með færíbreytustillingu.

 Í minni rýmum ætti að minnka næmið um 1 til 2 þrep.

Ljósíð slokknar ekki jafnvel þótt nægileg birta sé fyrir hendi

Orsök 1: Tækið er stillt á hreyfiskynjun og greinir þess vegna ekki birtustigið eftir að það er virkjað.

Athugið forritunina. Stillið tækið á viðveruskynjun og forritið það.

Orsök 2: Stillt er á of há birtustigsmörk.

Lækkið birtustigsmörkin með fjarstýringunni eða færibreytustillingu.

Ljósíð kviknar ekki eða of seint þrátt fyrir hreyfingu á skynjunarsviðinu

Orsök 1: Tækið er stillt á tilkynningavirkni og vinnur þess vegna ekki úr fyrstu hreyfingunni sem greinist.

Athugið forritunina. Stillið tækið á hreyfiskynjun og forritið það.

Orsök 2: Úrvinnslutöf er virkjuð og þess vegna er til dæmis ekki unnið úr hreyfingu ef farið er inn á skynjunarsviðið í stutta stund.

Leiðréttið forritunina og styttrið úrvinnslutöfina eða gerið hana virka.

10 Aukabúnaður

Sett fyrir innfellda uppsetningu

pöntunar-nr 2241 00

Sett fyrir utanálíggjandi uppsetningu

pöntunar-nr 2242 00

Fjarstýring Nærveruskynjari

pöntunar-nr 2115 00

11 Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum. Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (séerverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar. Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Elektro-Installations-
Systeme

Industriegebiet Mermbach
Dahlienstraße
42477 Radevormwald

Postfach 12 20
42461 Radevormwald

Deutschland

Tel +49(0)21 95 - 602-0
Fax +49(0)21 95 - 602-191

www.gira.de
info@gira.de